

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjálss aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

11. gr.

Þeir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58/29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1991, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 66, 8. febrúar 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 13. september 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

	Kr.
a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði	750,00
og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áætlaða ársrúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð	
b) Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns	45,45
c) Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnota, fyrir rúmmetra vatns	84,10
d) Gjald fyrir lokun og enduropnun	1 499,10

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá réttri stillingu, skal hann greiða kr. 750,00

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (Utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m ³	101 422 kr.
300– 2 000 m ³	101 422 kr. fyrir 300 m ³ og 93 kr/m ³ þar yfir
2 000– 6 000 m ³	259 855 kr. fyrir 2 000 m ³ og 74 kr/m ³ þar yfir
6 000–10 000 m ³	555 895 kr. fyrir 6 000 m ³ og 60 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³	797 112 kr. fyrir 10 000 m ³ og 52 kr/m ³ þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 10 366,00 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. september 1991 186,5 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. október 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fellt eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 20, 16. janúar 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 20. september 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi 1. október 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 518, 20. desember 1990, með síðari breytingum:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 0,62%

Iðnaðarráðuneytið, 20. september 1991.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.